

Alþingi
Erindi nr. P 140/106Y
komudagur 17.2.2012



HVERAGERÐISBÆR

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hveragerði, 16. febrúar 2012

Efni:

Bréf frá 3. febrúar 2012 - Beiðni um umsögn tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál.

Bréf frá 3. febrúar 2012 - Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, 392. mál.

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar, sem haldinn var í dag, voru tekin til umfjöllunar ofangreind erindi.

Eftirfarandi var fært til bókar;

"1.2. Nefndasviði Alþingis frá 3. febrúar 2012.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2011-2022, 393. mál.

Bæjarráð lýsir yfir ánægju með að í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2012-2022 skuli vera gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við breikkun Suðurlandsvegar frá Reykjavík til Selfoss. Hinsvegar lýsir bæjarráð yfir verulegum áhyggjum og vonbrigðum með nokkur atriði í áætluninni. Einnig undrast bæjarráð að ekkert virðist vera fjallað um þennan hluta Hringvegarins í tillögu að samgönguáætlun til næstu fjögurra ára þrátt fyrir að í drögum að langtímaáætlun sé talað um framkvæmdir við veginn á því tímabili.

Varðandi Hringveg á milli Selfoss og Hveragerðis er bráðnauðsynlegt að fara í 2 + 2 veg á þeim kafla sem allra fyrst þar sem þarna er um einn hættulegasta vegarkafila landsins að ræða. Í samgönguáætlun 2012-2022 er talað um að fara í breikkun í 2+1 veg á þessum kafla á öðru og þriðja tímabili, þ.e. ekki fyrr en 2015-2022 sem er alltof seint. Fara verður í breikkun þessa kafla á fyrsta tímabili áætlunarinnar eða í allra síðasta lagi á öðru tímabilinu og alls ekki er ásættanlegt að hafa þarna 2+1 veg enda hefur slíkt aldrei verið kynnt fyrir sveitarfélögum á svæðinu svo vitað sé.

Í áætluninni er talað um að breikka veginn frá Hellisheiðarvirkjun að Hveragerði í 2 veg á fyrsta og öðru tímabili. Tímasetningin er ásættanleg en samkvæmt því sem



kynnt hefur verið fyrir sveitarfélögunum á vegurinn frá Kambabrún að Hveragerði að vera 2+2 vegur og ítrekar bæjarráð að við það verði staðið.

HVERAGERÐISBÆR

Jafnframt undrast bæjaráð það að ekkert virðist vera fjallað um Hringveginn frá Vesturlandsvegi að núverandi tvöföldun austan Lögbergsbrekku en ekki er síður vanþörf á að sá kafll verði breikkaður á næstu árum.”

“1.3. Nefndasviði Alþingis frá 3. febrúar 2012.

Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna frumvarps til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011-2014, 392. mál.

Vísað í bókun með lið 1.2.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Hveragerðisbæjar,

Hulda Sigurðardóttir
Hulda Sigurðardóttir
Þjónustufulltrúi

